

SKOÐANIR Á EÐLI DRAUMA

Aristoteles og Bergson

I

Tímaritið Nature flytur þá fregn, að hinn nafnkunni franskí dýrafræðingur Yves Delage, sé látinn, og lætur þess getið, að síðasta ritgerð hans hafi verið um eðli drauma. Það er eftirtekta-vert mjög, hversu margir gáfumenn hafa nú í nokkur ár, verið að reyna sig á þessu vandasama viðfangs-efni, og virðist svo sem áhuginn á að skilja eðli svefnvitundarinnar, hafi farið mjög í vöxt þessa síðustu tvo áratugi. Þykir mér ekki ólíklegt, að þessi aukni áhugi kunni að standa í nokkru sambandi við þýðingu þess skilnings, sem verið er að sækjast eftir, fyrir umskipti þau í sögu mannkynsins, sem nokkuð er af sagt í Nýal, og nú er farið að draga mjög að. Mun mörgum bregða mjög í brún, er hann sér, hvernig upphafið er þar ekki nein þau tíðindi, sem mestur hávaði fylgir, og mest eru í munni höfð, heldur sumt það starf, er í mestum kyrrþey hefir fram farið.

II

Hér á borðinu hjá mér liggja tvær af þeim ritgerðum, sem bestar hafa skrifaðar verið um eðli drauma. Önnur þeirra er eftir hinn mikla vísindaskörung fornaldarinnar, Aristoteles, og líklega rituð eftir miðja 4. öld f. Kr. Kemur vel fram skarpleiki þessa höfðuðspekings, í ritgerðinni, sem heitir „Um drauma“ (peri enypnión). Aristoteles ræðst einarðlega gegn hjátrú sinnar aldar, og segir að draumsýnirnar skapist af eftirstöðvum þeirra áhrifa á skynfærin, sem í vöku hafi orðið.

Hin ritgerðin, *Le Rêve*, er meir en 2200 árum yngri, frá 1901. Hún er eftir hinn fræga heimspeking Frakka Henri

Bergson, og samin af mikilli snilld, franskri og bergsonskri. Bergson skýrir draumana í aðalatriðum, eins og hinn grískri spekingur. Endurminningin skapar draumana, segir hann, úr eftirstöðvum ytri áhrifa, ýmsum innri áhrifum, og þeirri skynjun umheimsins, sem verður þrátt fyrir svefninn.

Það er skjótast af að segja, að á þessum meir en 2200 árum, sem eru milli ritgerða Aristoteles og Bergsons, hefir engin framför orðið í skilningnum á eðli drauma. Eða m. ö. o., í byrjun 20 aldarinnar var skilningurinn á eðli drauma ekki byrjaður. Því að þegar einu sinni er komið á skilningsleið, þá er alltaf framför. Að gera einhverja uppgötvun, er sama sem að greiða fyrir því, að gerð verði önnur meiri. Ein uppgötvun er alltaf inngangur að annarri stærri. En mér virðist jafnvel mega segja, að hvorugur hinna miklu spekinga, hafi uppgötvað, hvað það er, sem um fram allt verður að rannsaka, ef skilja skal eðli drauma. Og er þá síst furða, þó að minni mönnum hafi svo farið. Hið algerða skilningsleysi á því, hvað á að vera aðalrannsóknarefnið fyrir þann sem vill vita eðli drauma, kemur mjög greinilega fram í síðustu ritgerð sem ég hefi séð um þetta efni. Hún er eftir ítalska sálarfræðinginn E. Rignano, og stendur í enska sálufræðis- og heimspekítímaritinu *Mind*, 1920. A new theory on the nature of sleep and dreams, minnir mig hún heiti.

III

Ritgerð Bergsons er fyrirlestur, fluttur 26. mars 1901. Og þó að ekki tækist honum að skýra eðli drauma, fram yfir Aristoteles, svo neinu munaði, þá sýnir samt Bergson, áður hann skilst við sitt mál, hver spekingur hann er. Hann víkur máli sínu að því, þegar vaknað er af fasta svefni (s. 106): „Oss finnst eins og vér séum að koma mjög langt að“ — segir hann — „bæði í rúmi og tíma. Það eru óefað löngu liðnir viðburðir, úr æsku eða bernsku, sem vér erum þá að lifa upp aftur, í hverju einu.“

Bergson hvetur sálufræðingana til þess að snúa sér að því að rannsaka hinn fasta svefn, og heldur síðan áfram: „Ef

fjarskynjun, (télépathie) á nokkurn þátt í draumum vorum, þá er það mjög sennilega þegar fast er sofið, sem hún gæti helst komið fram. En um það efni get ég þó ekki sagt neitt ákveðið. Ég hefi farið með áheyrendur mína eins langt og ég hefi getað, en ég verð að láta staðar numið við þröskuld leyndardómsins. Aðalstarf sálufræðinganna á þeirri öld, sem nú er að hefjast, verður, að rannsaka hin huldustu djúp hins ómeðvitaða, eða þetta sem ég nefndi áðan undirjarðveg meðvitundarinnar. Og ég efast ekki um að á þessu svæði bíða sálufræðinnar fagrar uppgötvanir, og mikilvægar, ef til vill, ekki síður en þær sem undanfarnar aldir hafa gerðar verið í eðlisfræði og (öðrum) náttúruvísindum.“

Bergson grunar, að hann sé kominn að þröskuldi leyndardómsins þegar hann fer að tala um fjarskynjun í sambandi við eðli drauma. Og spádómur hans um að sálufræðin eigi í vændum mikilvægar uppgötvanir, er þegar farinn að rætast. En óhætt hefði snillingnum verið að taka miklu dýpra í árinni. Uppgötvanir þær, sem nú hafa verið gerðar í sálufræði, eru margfaldlega miklu mikilvægari, og munu hafa ákaflega miklu meiri þýðingu fyrir allt mannlíf, heldur en nokkrar þær uppgötvanir, sem áður hafa verið gerðar í náttúruvísindum.

Nóv. 1920 (1922).